

Barðist mikið til að sleppa takinu



Ragnheiður Eiríksdóttir Þórður Arnar Þórðarson

„Þekkingin er blessun og hún er líka bölvagna þess að það var mjög erfitt að sleppa takinu. Að sjálfsögðu vildi ég stýra meðferðinni, ég vissi hvað væri honum fyrir bestu og ég þurfti að berjast mikið við sjálfa mig til að sleppa takinu.

Lára Halla Sigurðardóttir

larahalla@mbl.is

mbl.is



Ég var með lykлавöld á bráðageðdeildinni. Þó að ég væri ekki á vöktum gat ég hleypt sjálfri mér inn og sest við tölvu og skoðað síðustu skýrslu um drenginn. Auðvitað gat ég gert það. Ég gerði það, ekki lengi samt.“

Þetta sagði Ragnheiður Eiríksdóttir, blaðamaður á DV og hjúkrunarfræðingur í erindi sinu *Sætaskipti – lærdómur móður og fagmanns* á málþingi Geðhjálp, *Óðruvísi líf*, í dag þar sem áhersla var lögð á upplifun, reynslu og lærdóm aðstandenda geðsjúkra

Frétt mbl.is: Samfélagið tók litlu systur illa

Frétt mbl.is: Maðurinn sem lifir með harminum

Sonur Ragnheiðar veiktist af geðhvarfasýki í nóvember á síðasta ári og var lagður inn á geðdeild í kjölfarið. Þurfti hún þá að fara út hlutverki geðhjúkrunarfræðingsins og yfir í hlutverk aðstandans og reyndist það krefjandi.

Tuttugu árum áður fékk hún aftur á móti æfingu þegar barnsfaðir hennar veiktist einnig af geðhvarfasýki. Þá var hún einnig hjúkrunarfræðingur á geðdeild. „Hann fór í áfengismeðferð og eiginlega bara kolklikkaðist á fyrsta fundinum, hann varð bara alveg snar og var lokaður inni á Kleppi heillengi,“ sagði Ragnheiður.

Vissi að sonurinn gæti einnig veikst

Barnsfaðir hennar hét Jóhann Pálmason, garðyrkju- og listamaður. Hann var í raun svo mikill listamaður þegar hann dvaldi á Kleppi að takmarka þurfti pappírinn sem hann fékk og gerði hann þá bara listaverk á klósettpappírinn.

„Hann var sjálfsprottið orkukerfi og var í mjög flippaðri maníu mjög lengi. Þarna greindist hann sem sagt með geðhvarfasýki. Á meðan hann lá inni var ég dugleg að fara með son okkar og heimsækja hann. Það þótti nú ekki öllum góð hugmynd að fara með barn inn í þessar stórhættulegu aðstæður, inn á Klepp,“ sagði Ragnheiður. Þegar sonurinn birtist á Kleppi urðu fagnaðarfundir og hlupu feðgarnir um gangana.

Á vefsíðu Hugarafis segir að geðhverfasýki (e. bipolar disorder) sé oft líkt við andlegan rússibana en geðhvörfin skiptast á með maníuköstum og djúpu þunglyndi sem fylgir nánast alltaf beint á eftir. Manía er skaptruflun sem einkennist af óeðlilegri spennu, örlyndi, málgleði, athyglisbresti og tapi á raunveruleikanum.

Vitað er að sjúkdómurinn er líklega arfgengur og það vissi Ragnheiður vel eftir störf sín á spítalanum.

„Það sem að gerist auðvitað þegar foreldri greinist með geðsjúkdóm og vitað er að sterkur arfgengisþáttur er í honum þá getur móðir að sjálfsgöðu valið að nota tímann sinn í að hafa áhyggjur. Það gerði ég heldur betur. Árum saman hafði ég áhyggjur og hugsaði um hvernig það yrði nú ef hann myndi veikjast. Auðvitað skilaði þetta mér engu nema áhyggjuhrökkum,“ sagði hún.

Átti erfitt eftir fráfall föður síns

Yfir Ragnheiði og syni hennar vofðu dökk ský í nokkur ár, sérstaklega eftir að Jóhann laut í lægra haldi fyrir sjúkdómi sínum og tók eigið líf árið 2007.

„Fyrir lítill strákur, ungling, er það auðvitað skelfilegt áfall að missa pabba sinn á vofeflegan hátt,“ sagði hún og bætti við að á þessum tíma hafi hún búið í útlöndum en sonur hennar hjá föður sínum og fjölskyldu. „Því miður var Jói bara svo veikur að hann sá ekki aðra leið, honum fannst hann vera að gera okkur mikinn greiða með því að hverfa á braut.“

„Ég beið. Hlynur átti auðvitað erfitt eftir andlát pabba síns og var í dálítilli grasneyslu á tímabili. Það voru merki um að hann myndi mögulega veikjast. Hann var dálítið kvíðinn stundum, það var erfitt í skólanum, hann féll hægri vinstri í menntaskóla.“

Og í nokkur skipti fór hann í hálfgerð geðrofsástand. Það voru myndavélar sem fylgdust með honum, síminn hans var hleraður og það var svona ýmislegt sem var frekar óhugnalegt að horfa upp á,“ sagði Ragnheiður. Á þessum tíma vonaði hún og aðrir sem stóðu drengnum nærri að líðanin væri tengsl neyslunni frekar en að hann væri að þróa með sér geðsjúkdóm.

Síðan kom að því að sonur Ragnheiðar veiktist í nóvember á síðasta ári. „Það var einhver aðdrangandi, þetta kom ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti,“ sagði hún. Um sumarið hafði hann verið mjög virkur á Facebook og rætt hinar og þessar samsæriskenningar. Ræddi hann mikið um fjármálakerfi heimsins og ýmsar kenningar því tengdu. „Þetta hafði stigmagnast. Hann varð líka auðveldlega pirraður, sem er ólíkt honum. Hann er einstaklega ljúfur drengur með mikið jafnaðargeð,“ sagði Ragnheiður.

Ragnheiður segir að þrátt fyrir að skýin séu enn til staðar sé einnig nóg af sólargeislum í lífi sonarins.
Styrmir Kári

Beið eftir að komast inn í himnaríki

Þennan eftirmiðdag hringdi kærasta unga mannsins í Ragnheiði og bað hana um að koma þar sem hún taldi að hann væri orðinn veikur. Heyrði móðir hans stuttlega í honum og reyndist hann frekar ruglaður. „Þarna var kærastan ólétt og hann var alveg kolruglaður. Sem betur fer hafði hann ekkert ofsóknaræði út í okkur. Það er kannski lottóvinningurinn okkar í þessu öllu saman,“ sagði Ragnheiður.

„Hann er einstaklega heppinn með hvernig hans sjúkdómur hefur birst, allavega hingað til. Það sem ég hef upplifað á geðdeildum er að oft er þetta erfiðasti hluturinn, að koma fólki undir læknishendur og gera því grein fyrir að lyfin geti hjálpað og fá það til að treysta aðstandendum og umönnunaraðilum,“ sagði hún.

Í tilfalli sonar hennar reyndist þetta auðvelt, hann var alveg tilbúinn að koma með móður sinni og kærustu á geðdeildina. Síðar sagði hann móður sinni að hann hefði þó sennilega aldrei komið með þeim nema vegna þess að hann var alveg handviss um að þau væru á leið til Bandaríkjann eða til himnaríkis. Eftir að hann kom á geðdeildina fór hann að sofa en þegar hann vaknaði gekk hann fram á gang. „Þarna sat fólk á stólum og ég hélt að þetta væri fólk að bíða eftir að komast inn í himnaríki,“ sagði sonur Ragnheiðar við hana.

Á móti þeim tóku tvö fermingarbörn

Ungi maðurinn fór í gegnum bráðapjónustu deildarinnar og sagði Ragnheiður það hafa verið fyrsta merkilega uppgötvunin á leið sinni sem hjúkrunarfræðingur og jafnframt aðstandandi í gegnum þetta ferli. Sjálf sagði hún verið í hlutverki starfsmannanna sem nú mættu mæðginunum, að taka á móti sjúklingum, greina þá og hjálpa til við næstu skref.

„Þarna tóku tvö fermingarbörn á móti okkur,“ sagði Ragnheiður í gamansömum tón og uppskar hlátur gesta í salnum. „Tveir litlir læknar sem voru kannski búnir að vera í viku á geðdeildinni. Ég er nú ekkert sérstaklega óákveðin kona og fer ekki með veggjum. Þið getið því ímyndað ykkur þegar móðureðlið rís upp dvína þau einkenni ekkert sérstaklega. Ég held að ég hafi alveg verið kurteis samt en við skulum orða það þannig að ég tók dálítið yfir í viðtalinu.“

„Í krafti reynslu minnar vissi ég nákvæmlega hvað þyrfti að koma fram í þessu viðtali til þess að hann þyrfti þá hjálp sem hann klárlega þyrfti. Þannig að ég lét mitt ekki eftir liggja. Það varð úr að drengurinn var lagður inn. Ég vildi að hann yrði lagður inn á bráðadeild, deildina mína,“ sagði Ragnheiður en á þessum tíma var hún ekki á vöktum á sjúkrahúsinu heldur í öðru verkefni utan veggja hans.

Ungi maðurinn var ekki lagður inn á bráðadeildina fyrr nokkrum dögum síðar þegar í ljós kom hversu veikur hann var. Þótti Ragnheiði mjög gott að hafa þessa miklu þekkingu, að vita hvað fór fram bak við luktur dyr geðdeildarinnar, vita eðli lyfjanna, hvaða möguleikar voru í stöðunni og hvað hann hafði fyrir stafni á daginn. Þá þekkti hún einnig starfsfólk sjúkrahússins.

Var með lykjavöldin, gat skoðað skýrslur

„Þrátt fyrir að ég hafi ofurtrú á fagmennsku innan geðsviðs, held ég að ég geti fullyrt að sonur minn fékk betri þjónustu en hann hefði fengið ef ég væri bara einhver utanaðkomandi manneskja, einhver sem vissi ekkert um geðdeild. Þó að við séum fagleg og veitum öllum sömu þjónustu erum við líka mannleg,“ sagði Ragnheiður og bætti jafnframt við að það hefði vakið hana til umhugsunar. Hún hugsaði til allra hinna sem ekki búa við sama lúxus.

„Þegar hann lá inni þá hugsaði ég mikið um þetta hvernig mín tilfinning hefði verið ef ég hefði verið algjörlega græn og séð þetta hvíta hús á horninu sem er hálfpartinn eins og fangelsi. Séð geðsjúkrahús í bíómyndum og í raun ekki haft neina hugmynd um kerfið,“ sagði hún.

„Þekkingin er blessun og hún er líka bölvagna þess að það var mjög erfitt að sleppa takinu. Að sjálf-sögðu vildi ég stýra meðferðinni, ég vissi hvað væri honum fyrir bestu og ég þurfti að berjast mikið við sjálfa mig til að sleppa takinu. Ég var með lykjavöld á bráðageðdeildinni. Þó að ég væri ekki á vöktum gat ég hleypt sjálfri mér inn og sest við tölvu og skoðað síðustu skýrslu um drenginn. Auðvitað gat ég gert það. Ég gerði það, ekki lengi samt,“ viðurkenndi Ragnheiður.

Sagðist hún hafa haft skoðanir á öllu og kom að því að einn af sérfræðingum deildarinnar hafði samband við hana og ræddu þau vel og lengi saman. „Í kjölfar þess leið mér betur og ég gat sleppt takinu og treysti þeim til að taka bestu ákvarðanirnar. Þetta var alveg gríðarlega stórt verkefni fyrir mig. Hlynur var fyrirmyndar sjúklingur, ægilega skemmtilegur, blíður og góður. Hann var kolmanískur en ofboðslega ýkt útgáfa af sjálfum sér,“ sagði Ragnheiður.

Ungi maðurinn lagði til að mynda oft hendur yfir aðra á deildinni og reyndi að lækna það. Þá strauk hann út af deildinni til að fara inn á aðrar deildir og nota „lækningarmátt“ sinn þar. Lyfin virkuðu, hann fór að sofa og útskrifaðist síðan eftir tæpan mánuð á deildinni. Þegar seig á seinni hluta dvalarinnar fékk hann að fara í 20 vikna sónar ásamt kærustu sinni.

„Svo var hann útskrifaður, hefur tekið lyf eftir það og það hefur gengið fáránlega vel. Núna eru kannski enn smá ský. Það er svona eins og þegar maður keyrir Hellisheiðina, það er nýbúið að rigna. Mosinn er enn svona brjálæðislega fallegur á litinn og svo kemur stundum smá sól. En skýin eru alveg þarna,“ sagði Ragnheiður.

Verði ekki svo veikt að það þurfi innlögn

Hún heldur svo sannarlega ekki að þetta sé afstaðið, heldur telur hún að þau hafi aðeins verið að stíga upp í rússíbana. „En ég er full af þakklæti fyri rað þetta hafi gengið þetta vel og líka fyrir innæsið sem hann virðist hafa, allavega í upphafi. Hann bregðst við þegar hann finnur kvíða, hann tekur eftir því þegar líðan hans breytist. Ég er þakklát fyrir mína þekkingu og reynslu af því að styðja þá sem eru með geðsjúkdóma,“ sagði Ragnheiður.

Þá segist hún einnig vera afar þakklát fyrir húmorinn sem sonur hennar hefur fyrir veikindum sínum. „Við sitjum stundum og borðum eitthvað gott saman. Við tölum um eitthvað flipp sem hann hugsaði þegar hann var veikur og svo skellihlæjum við. Þetta er fyndið líka. Manía er ekki bara hræðileg, hún er líka fyndin,“ sagði Ragnheiður.

Mæðginin fóru saman til geðlæknis um daginn, þriðja læknisins sem hann fær eftir að hann var útskrifaður af geðdeildinni. „Mér fannst hann eitthvað þínu blautur á bak við eyrun en ég ákvað að gefa honum séns. Svo var ég uppfull af gagnrýni og innri spennu eftir viðtalið og velti fyrir mér af hveju hann hefði ekki sagt þetta og hitt. En þá mundi ég, hann þarf að fá að vera í sínu hlutverki,“ sagði Ragnheiður um lækninn og heimsóknina til hans.

„Ég held að í gegnum reynslu mína af bráðaþjónustunni, ég held ekki bara ég veit, að okkur skortir ótrúlega úrræði til að styðja fólk heima svo það verði ekki það veikt að það þurfi innlögn. Andskotinn hafi það, sagði Ragnheiður að lokum og barði í púltið.